

Ed.

437. Nefndarálit

um frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta á að leggja algerlega nýjan grundvöll í skólamálu landsins. Það bindur ríkissjóði stórmiklar byrðar, án þess að nokkur áætlun fylgi um kostnað. Það gerir ráð fyrir því, að byggðir verði heimavistarskólar fyrir meginhluta allra barna í sveit, og er sýnilega stefnt að því, að börnin verði tekin úr heimilunum í sveitum frá foreldrum sínum mikinn hluta vetrar. Þarf ekki að lýsa því, hversu mörgum sveitaheimilum mundi vegna, eftir að börn og unglingar 7—15 ára væru fjarverandi samkvæmt lagaboði marga mánuði og jafnvel allan veturinn. Þar sem á með þessari löggjöf að tryggja öllum unglingum aðgang að menntaskóla og háskóla, er sýnilegt, að ekki mun nægja minna til undirbúnings menntaskóla en skyldunám allra unglunga frá 13—17 ára. Talað er um að skipta öllum þessum skólanemendum milli bóklegra og verklegra deilda og þá væntanlega með „gáfna-prófi“, þannig að í hverjum skóla myndast kapphlaup líkt því, sem nú á sér stað við inntöku í fyrsta bekk menntaskólanna. Er fengin reynsla í þessu efni erlendis, þar sem því lík aðgreining á sér stað, að foreldrar og aðrir vandamenn leggja meginstant á með aukakennslu og áróðri að forða börnum sínum frá að lenda á þann hátt í verknámsdeildina. Aftur á móti er reynsla fengin í héraðsskólunum fyrir því, að þar sem námið fyrir alla er þrískipt: bóknám, verknám og íþróttir. — standa allir jafnt að vígi. Þá fá nemendur alhliða æfingu og velja sér síðan af frjálsum vilja bókfræði eða verknám, eftir því sem þeim þykir sér henta.

Það er sýnilegt, að ef frv. þetta er samþykkt, þá nær það ekki neinum æskilegum tilgangi. Það er byggt á miklum ókunnugleika á íslenskum högum. Það gerir ráð fyrir skólaskipun, sem er of dýr og sérstaklega óhentug. Þar er gert ráð fyrir mikilli vinnukennslu. En eftir 50 ára skólahald á Hólum og Hvanneyri, hefur ríkið ekki haft efni á að byggja nauðsynleg húsakynni fyrir smíðakennslu. Í Reykjavík á að lögbjóða skyldufræðslu fyrir unglunga frá 13—17 ára aldri. En Reykjavík hefur ekki haft efni á að byggja hús yfir einn gagnfræðaskóla frá 1929 og þar til í haust, að grafið var fyrir grunni þess húss. Annar gagnfræðaskóli bæjarins er algerlega hús villtur. Til endurbyggingar menntaskólans var veitt hálf milljón, þó að vitanlegt sé, að ef nú ætti að byggja menntaskóla í Reykjavík og á Akureyri samkvæmt þeim kröfum, sem frumvarp millipinganeftdar í skólamálu gerir ráð fyrir, mundi ekki veita af 15 milljónum á hvorum stað. Þar sem nú er gert ráð fyrir vinnukennslu handa þúsundum ungmenna í landinu og ekki nema örlítill húsa-kostur til í því skyni, flutti ég á þingi í vetur tillögu um 1½ millj. króna framlög í þau verkstæði, sem lögboðin eru með héraðsskólalögunum frá 1939. En þá kom í ljós, að engir peningar voru til í því skyni jafnvel nú, mitt á tímum hinna háu ríkisútgjalda.

Ég mun þess vegna ekki sjá mér fært að greiða atkvæði með þessu frumvarpi og mun á sínum tíma leggja til, að því verði fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar vísað til frekari athugunar hjá borgurum landsins.

Alþingi, 19. febr. 1946.

Jónas Jónsson.